

Afgreiðslufundur

Ár 2024 þriðjudaginn 26. mars, kl. 9:37 var haldinn 1764. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Rósa Magnúsdóttir, Jóhanna Margrét Haraldsdóttir, Sigríður J. Jónsdóttir og Óskar Ísfeld Sigurðsson sem einnig ritaði fundargerð.

- Lögð fram umsókn Tryggva Þórs Péturssonar, kt. 030295-2269, dags. 15. mars 2024, um skráningu á niðurrifi á húsnæði við Óðinsgötu 28, F2007111, rými 70 0101, sbr. samþykktu byggingarleyfisumsókn nr. USK24020256. Ný starfsemi.
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir niðurrifi mannvirkja, m.a. þar sem er asbest*.
- Lögð fram umsókn Baðkop ehf., kt. 640718-0640, dags. 20. mars 2024, um skráningu á niðurrifi á asbesti í húsnæði við Sæmundargötu 11, F2028955, rými 01 0101. Ný starfsemi.
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir niðurrifi mannvirkja, m.a. þar sem er asbest*.
- Lögð fram umsókn Lynspa ehf, kt. 490222-2350, dags. 11. apríl 2022, um starfsleyfi fyrir snyrtistofu (Lynspa) að Vatnstíg 3, F2004661, rými 02 0101. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir snyrtistofur og skylda starfsemi*.
- Lögð fram umsókn Íslensk-bandaríska ehf. kt. 620498-3439, dags. 18. október 2020, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir smurstöð, bifreiða- og vélaverkstæði, og handvirka bón- og bílaþvottastöð að Smiðshöfða 5, F2043055, rými 01 0101. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi, Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir smurstöðvar, Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir almenn bifreiðaverkstæði og skylda starfsemi og Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir bónstöðvar og bílaleigur*.

Fundi slitið 10:06

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Jóhanna Margrét Haraldsdóttir

Rósa Magnúsdóttir